

Fundargerð 428. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2020, föstudaginn 13. nóvember kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Pétur Ólafsson, Lúðvík Geirsson, Björn Arnaldsson og Rebekka Hilmarsdóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 427. fundar - 2009155HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 427. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 19. október 2020.

Fundargerðin staðfest og verður undirrituð á næsta viðverufundi.

2. Siglingaráð - 2009019HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 25. fundar Siglingaráðs frá 3. september 2020.

3. Hafnasambandsþing 2020 - 2009026HA

Rætt um undirbúning hafnasambandsþings og lagðar fram tillögur að ályktunum á hafnasambandsþingi.

Í ljósi aðstæðna þá samþykkir stjórn Hafnasambands Íslands að skipa Kjartan Már Kjartansson, Kristínu Soffíu Jónsdóttur og Þorstein Hlyn Jónsson í kjörnefnd fyrir hafnasambandsþing og skal Kjartan Már vera stýrimaður nefndarinnar. Nefndin skal skila tillögum sem unnt er að senda til aðildarhafna eigi síðar en mánudaginn 23. nóvember nk.

Stjórn samþykkir einnig tillögur að ályktunum og felur starfsmanni að senda þær á aðildahafnir til kynningar.

Hanna Björg Konráðsdóttir kom inn á fundinn kl. 11:45.

4. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 - 2011001HA

Lögð fram drög að frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003 (EES-reglur, gjaldtaka, rafræn vöktun), dags. 10. nóvember 2020, ásamt fylgiskjali.

Formanni falið að útbúa drög að umsögn m.v. umræður á fundinum.

Fundi var slitið kl. 12:10

Ólafur Þór Snorrason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Pétur Ólafsson

Lúðvík Geirsson

Björn Arnaldsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Valur Rafn Halldórsson